



Efni: Staða mála hjá umboðsmanni skuldara 1. júní 2019



Fjöldi umsókna í janúar - maí



Embætti umboðsmanns skuldara


Hjá embætti umboðsmanns skuldara störfuðu 16 starfsmenn í 15 stöðugildum í maí, að auki var einn starfsmaður í fæðingarorlofi.

Greiðsluaðlögun einstaklinga

Umboðsmanni skuldara hafa nú borist 7.781 umsókn um greiðsluaðlögun einstaklinga frá stofnun embættisins. Á bak við hverja umsókn getur verið annars vegar einstaklingur og hins vegar sambýlisfólk/hjón og eru því fleiri einstaklingar sem sótt hafa um greiðsluaðlögun einstaklinga en fjöldi umsókna segir til um. Í maí bárust 38 umsóknir um greiðsluaðlögun.

Umsóknir

Alls voru 181 umsókn um greiðsluaðlögun í vinnslu innan embættisins þann 1. júní, þar sem verið var að taka afstöðu til þess hvort samþykkja eigi umsókn eða ekki. Í maí voru níu umsóknir samþykktar og 18 var synjað.



Umsjónarmenn


Þann 1. júní 2019 voru 23 mál hjá umsjónarmönnum. Af þeim var eitt mál í vinnslu hjá umboðsmanni skuldara vegna ábendinga um að eitthvað hafi komið í ljós sem hindrað geti greiðsluaðlögun. 22 mál eru því í virkri vinnslu hjá fjórum umsjónarmönnum.

Af þeim málum sem er lokið hjá umsjónarmönnum á árinu hefur náðst samningur í 32 málum. Tveimur málum hefur lokið með nauðasamningi og engum nauðasamningi hefur verið synjað á árinu en alls hafa 70 nauðasamningar verið staðfestir og 22 verið synjað staðfestingu.

Samningar

Þann 1. júní höfðu 3.350 samningar komist á. Í 3.243 samningum er tímabili greiðsluaðlögunar lokið en 107 samningar eru nú virkir með tímabil greiðsluaðlögunar. Af þeim mun tímabili 41 samninga ljúka á árinu 2019, 50 á árinu 2020 en tímabili 16 samninga mun ljúka síðar. Í maí komust á sjö samningar.

Í þeim 32 samningum sem hafa tekið gildi árið 2019 er meðaleftirgjöf samningskrafna 61% og eru þeir að meðaltali til 15,3 mánaða. Átta samningar á þessu ári hefa ekkert tímabil greiðsluaðlögunar og samið var um 100% eftirgjöf við gildistöku samnings. Meðaleftirgjöf samningskrafna í öllum samningum er 83%. Þá hefur 29,3% allra samninga ekkert tímabil greiðsluaðlögunar og samið var um 100% eftirgjöf samningskrafna við gildistöku samnings. Að meðaltali eru allir samningar um greiðsluaðlögun til 14,6 mánaða.



Kærum

719 kærum hafa borist kærufnd/úrskurðarnefnd greiðsluaðlögunarmála vegna synjunar eða afturköllunar á heimild til greiðsluaðlögunarumleitana, ein tilkynning um kæru barst í maí. Vinnslu er lokið í 716 málum. Í 38 tilvikum var mál tekið upp að nýju hjá umboðsmanni skuldara. Í 88 tilvikum var fallið frá kæru eða kærufnd vísaði kæru frá. Í 501 máli hefur kærufnd staðfest ákvörðun UMS og í 89 málum hefur ákvörðun verið felld úr gildi. Þrjár kærum eru í vinnslu.

Breytingarmál

693 beiðnir eða kröfur um breytingu á samningi hafa borist umboðsmanni skuldara, ýmist frá skuldara eða kröfuhafa. Þrjár beiðnir um breytingu bárust í maí. Breyting hefur verið samþykkt í 459 málum og synjað í 107 málum. Í maí var ein beiðni samþykkt og engri beiðni var synjað, engin beiðni var afturkölluð, þrjár beiðnir um breytingu eru í vinnslu.

Málalok


622 umsóknir hafa borist um afmáningu veðréttinda í kjölfar greiðsluaðlögunar en í flestum samningum er kveðið á um eftirgjöf í kjölfar afmáningar. Sýslumaður hefur samþykkt afmáningu í 320 umsóknir og synjað afmáningu í 53 umsóknum. 97 umsóknir hafa verið felldar niður. 152 umsækjendur hafa afturkallað beiðni um afmáningu. Engin umsókn er í vinnslu og engin umsókn bíður afgreiðslu sýslumanns.

217 umsóknir hafa borist um aðstoð við endurskipulagningu skulda við lok greiðsluaðlögunar, þar sem ekki hefur samist um 100% eftirgjöf samningskrafna. Öllum málum er lokið. Úrræðinu hefur verið breytt og eru beiðnir um endurskipulagningu teknar inn í ráðgjöf.

Ráðgjöf

Frá árinu 2010 hefur umboðsmanni skuldara borist 7.862 umsóknir um ráðgjöf, þar sem leitað er vægari úrræða en greiðsluaðlögunar. Eftir að gert er greiðsluerfiðleikamat fyrir umsækjanda er leiða leitað fyrir umsækjanda að draga tímabundið úr mánaðarlegri greiðslubyrði til að ná framtíðar jafnvægi á milli tekna og skulda. Ef vægari úrræði duga ekki er mælt með öðrum úrræðum.

Nú eru 82 ráðgjafarmál til vinnslu hjá embættinu. 35 umsóknir bárust í maí. Vinnslu 52 ráðgjafarmála var lokið í mánuðinum.



Erindi

Eitt hlutverk umboðsmanns skuldara er að gæta hagsmuna skuldara þegar við á og taka við erindum og ábendingum skuldara um ágalla á lánastarfsemi og senda áfram til viðeigandi eftirlitsstjórnvalds.

Frá 1. ágúst 2010 hefur umboðsmanni skuldara borist 3.880 erindi, þar af voru fjögur erindi stofnuð í maí.


Fjárhagsaðstoð vegna skiptakostnaðar

1598 umsóknir hafa borist um fjárhagsaðstoð vegna skiptakostnaðar. Í maí bárust 17 umsóknir.

Í maí voru fimm ákvarðanir teknar um fjárhagsaðstoð vegna skiptakostnaðar, þar sem ein umsókn var samþykkt, tveimur var synjað og tvær umsóknir felldar niður.

Alls hafa 503 umsóknir verið samþykktar og 582 synjað. Þrjár beiðnir um greiðslu til dómstóla bárust í maí vegna skiptakostnaðar. Ekki hefur verið óskað eftir greiðslu vegna 59 samþykkrar umsóknar.

15 synjanir hafa verið kærðar til Velferðarráðuneytis. Í fjórum málum hefur UMS tekið mál aftur til vinnslu áður en niðurstaða kæru lá fyrir og í tveimur málum var fallið frá kæru. Í sjö málum hefur ákvörðun verið staðfest og í tveimur málum hefur ákvörðun UMS verið felld úr gildi. Engin kæra er í vinnslu.



Fræðsla og kynning

Í maí var haldinn fræðslufundur fyrir einstaklinga hjá Janus endurhæfingu en embættið hefur átt gott samstarf á síðustur árum við Janus endurhæfingu og haldið fræðslufundi reglulega fyrir hópa.

Í maí var haldið áfram að auka við fræðsluefni á vefsíðu embættisins og birtist á vefnum nýr gestapistill ritaður af Gunnari Baldvinsyni. Pistillinn að þessu sinni fjallar um viðbótarlífeyrissparnað. Nýtt myndband um skyndilán var einnig sett í loftið.